



Fundargerð

Fundarstaður: Landsvirkjun

Tími: 9:00

Fundinn sátu:

Landsvirkjun: Ragna Árnadóttir, Einar Mathiesen, Óli Grétar B. Sveinsson,

Gunnar Guðni Tómasson og Anna Guðný Hermannsdóttir

Sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps: Björgvin Skafti Bjarnason og Gunnar Örn matteinsson

Eftirfarandi mál voru rædd:

Efni: Aðgengi að Búrfellsskógi og heilsársvegur að Hjálparfossi

Samráðsnefndin leggur til eftirfarandi útfærslur

1: Aðgengi að Búrfellsskógi: Göngu- og reiðbrú yfir gamla farveg Þjórsár rétt ofan við Þjófafoss. Fallið er frá brú yfir Fossá. Reiðleið verður niður Klifið og fyrir enda frárennisskurðar stækkaðrar Búrfellsvirkjunar sbr. glærur.

2: Í stað þess að gera Sámsstaði að sérstökum áningarstað fyrir ferðamenn, verður gerður heilsársvegur að Hjálparfossi. Upplýsingaskiltum um Landsvirkjun verður komið fyrir á bílastæðinu við Hjálparfoss.

Nánari upplýsingar um tillögurnar má sjá í meðfylgjandi kynningu sem farið var yfir á fundinum.

Fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps munu kynna tillögurnar fyrir sveitastjórn og hafa samráð við Rangárþing Ytra um göngu- og reiðbrúnna sem er á mörkum beggja sveitarfélaga.

Stefnt er að því að ganga frá samkomulagi milli Landsvirkjunar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps fljótlega.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 10:00

Fundarritari: AGH